



Tilkynning til hluthafa og stjórnar

024.1/GG

Efni: Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2025

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf., kt. 511094-2249, verður haldinn **þriðjudaginn 26. ágúst 2025 á Grand Hótel í við Sigtún 38 í Reykjavík** (fundarsalur **Útgarður á 13. hæð**) og hefst kl. **15.30**.

Dagskrá fundarins verður sem hér segir:

1. Setning.
2. Kjör fundarstjóra.
3. Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi.
4. Kjör fundarritara.
5. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á árinu 2024.
6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2024 kynntur og lagður fram til samþykktar.
7. Ákvörðun um meðferð hagnaðar.
8. Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.
9. Kjör stjórnar og varamanna.
10. Kjör endurskoðanda.
11. Önnur mál.

Tillögur sem hluthafar vilja leggja fyrir fundinn þurfa að hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en kl. 12.00 þriðjudaginn 19. ágúst 2025 og skulu þær sendar á skrifstofu félagsins. Ársreikningur félagsins og tillögur þær sem fyrir fundinum liggja verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins í eina viku fyrir fundinn. Með bréfi þessu fylgir eyðublað fyrir umboð til setu á aðalfundinum sem óskast útfyllt og send í tölvupósti á tun@tun.is eða framvísað á aðalfundinum.

Vinsamlegast staðfestið móttöku á þessari tilkynningu með því að senda tölvupóst þar að lútandi á tun@tun.is.

Reykjavík, 15. ágúst 2025,
fyrir hönd stjórnar Vottunarstofunnar Túns ehf.

Gunnar Á. Gunnarsson